

Helstu atriði breytinga á reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Lagðar eru til eftirfarandi helstu efnisbreytingar á reglugerðinni. Tilgangur er að bæta gæði, gagnsæi og jafnræði í úthlutun framlaga sjóðsins vegna málaflokksins.

- Tenging framlaganna við lög nr. 38/2018.** Hingað til hafa framlögin, sem frá upphafi var ætlað að mæta umtalsverðum stuðningsþörfum umfram almenna félagsþjónustu (grunnþjónustu), ekki haft sérstaka vísun í lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningþarfir í reglugerðinni. Er því lögð til eftirfarandi breyting á 1. mgr. 2. gr.:

1. mgr. 2. gr.	
Fyrirliggjandi ákvæði	Nýtt ákvæði
Jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk skiptast í: ...	Jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk sem veitt er á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skiptast í: ...

- Vægi framlaga á grunni kostnaðar verði minna.** Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks hafa verið reiknuð á grundvelli SIS mats undanfarin ár. Úthlutunarreglurnar hafa þróast í nokkrum skrefum en núverandi flokkun í SIS flokka er frá 2021 og núverandi fyrirkomulag að ýmsu öðru leyti, þ.m.t. orðalag reglugerðarinnar frá 2018/2019. Ekki var byrjað að reikna SIS-C mat fyrir börn fyrr en árið 2018 og í reglubreytingunum á þeim tíma var brugðist við því að slíkt mat var ekki útbreitt með undanþáguákvæði í 2. mgr. II. hluta 3. gr. núverandi reglugerðar. Í dag er SIS-C mat fyrir börn útbreitt. Þá eru dæmi þess að framlög séu greidd sveitarfélögum vegna fullorðinna notenda á grunni undanþágunnar. Þetta hefur skapað tvöfalt kerfi sem bregðast þarf við. Lagðar eru fram til samráðs tvær tillögur til breytingar á núverandi 1. og 2. mgr. II. hluta 3. gr. reglugerðarinnar:

1. og 2. mgr. 3. gr. (nú 4. gr.)	
Fyrirliggjandi ákvæði	Nýtt ákvæði
Við mælingu á útgjaldþörf vegna þjónustu við fatlað fólk, sbr. a-lið 1. mgr. I. hluta, skal byggt á þeim upplýsingum um kostnað og stuðningsþörf einstaklinga í sérhæfðri þjónustu sem lagðar voru til grundvallar við útreikning framlaga á árinu á undan. Útgjaldþörf þjónustusvæðis er fundin út frá samanlagðri þjónustupörf íbúa þess. Þjónustupörf einstaklings er ákvörðuð út frá stuðningsflokki viðkomandi, sbr. 6. gr., með álagi á grundvelli sérstakrar	Tillaga A: Við mælingu á útgjaldþörf vegna þjónustu við fatlað fólk, sbr. a-lið 1. mgr. I. hluta, skal byggt á sama notendagrunni og lagður var til grundvallar árið á undan að teknu tilliti til leiðréttinga á lögheimilisskráningu og stuðningsþörfum sbr. 2. mgr. I. hluta 3. gr. Útgjaldþörf þjónustusvæðis er fundin út frá samanlagðri þjónustupörf íbúa þess. Þjónustupörf notanda er ákvörðuð út frá stuðningsflokki viðkomandi, sbr. 6. gr. Allir

<p>stuðningsþarfar vegna hegðunar og/eða heilsu þar sem það á við. Allir einstaklingar sem falla í 5. flokk samræmds mats á þjónustupörf eða ofar telja til útgjaldþarfar þjónustusvæða. Enn fremur er heimilt að reikna álag vegna einstaklinga með óvenjulega samsetningu stuðningsþarfar. Ef ekki liggur fyrir mat á stuðningsþörf er heimilt að ákvarða útgjaldþörf einstaklings út frá raunkostnaði. Heildarframlög vegna einstaklinga á grunni raunkostnaðar geta þó aldrei numið stærri hluta framlaga en fjöldi þeirra einstaklinga segir til um.</p>	<p>notendur sem falla í 5. flokk samræmds mats á þjónustupörf eða ofar telja til útgjaldþarfar þjónustusvæða. Ef ekki liggur fyrir mat á stuðningsþörf notanda sem aldurs síns vegna hefur ekki getað fengið slíkt mat er heimilt að ákvarða útgjaldþörf hans út frá raunkostnaði. Heildarframlög vegna notenda á grunni raunkostnaðar geta þó aldrei numið stærri hluta framlaga en fjöldi þeirra segir til um.</p> <p>Tillaga B: Við mælingu á útgjaldþörf vegna þjónustu við fatlað fólk, sbr. a-lið 1. mgr. I. hluta, skal byggt á sama notendagrunni og lagður var til grundvallar árið á undan að teknu tilliti til leiðréttinga á lögheimilisskráningu og stuðningsþörfum sbr. 2. mgr. I. hluta 3. gr.</p> <p>Útgjaldþörf þjónustusvæðis er fundin út frá samanlagðri þjónustupörf íbúa þess. Þjónustupörf notanda er ákvörðuð út frá stuðningsflokki viðkomandi, sbr. 6. gr. Allir notendur sem falla í 5. flokk samræmds mats á þjónustupörf eða ofar telja til útgjaldþarfar þjónustusvæða. Ef ekki liggur fyrir mat á stuðningsþörf notanda sem aldurs síns vegna hefur ekki getað fengið slíkt mat er heimilt að ákvarða útgjaldþörf hans út frá raunkostnaði. Þá er heimilt að greiða framlög vegna annarra notenda sem ekki hafa fengið samræmt mat stuðningsþarfa en ber þá að miða stuðningsþörf þeirra við flokk 5. Heildarframlög vegna notenda á grunni raunkostnaðar geta þó aldrei numið stærri hluta framlaga en fjöldi þeirra segir til um.</p>
---	---

Breytingar í samræmi við þetta endurspeglast einnig tölulíðum 7. mgr. II. hluta 3. gr. reglugerðarinnar er varða skref og verkþætti við útreikninginn.

3. **Fellt brott ákvæði vegna langtímaveikinda NPA. aðstoðarfólks.** Í núgildandi ákvæði, auk ákvæðis í 20. gr. rg. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð, er miðað við að Jöfnunarsjóður innheimti 1% heildarfjárhæðar NPA samninga og haldi eftir vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks. Fjárhæðin hefur hingað til ekki verið innheimt af Jöfnunarsjóði enda langt umfram kostnað við langtímaveikindi aðstoðarfólks, sem hefur verið takmarkaður. Er því lagt til að 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar verði felld brott (8. gr. nýrra reglugerðardraga)

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar (nú 8. gr.)	
Fyrirliggjandi ákvæði	Nýtt ákvæði
Sú 1% viðbótargreiðsla sem Jöfnunarsjóður tekur við skv. 20. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 til að standa straum af kostnaði vegna langtímaforfalla aðstoðarfólks skal sérgreind í rekstraráætlun sjóðsins og skulu framlög veitt af uppsöfnun hennar til sveitarfélaga á grundvelli umsókna. Ráðgjafarnefnd gerir tillögu til ráðherra um úthlutun framlaga skv. þessari málsgrein.	[Fellur brott]

4. **Viðmiðunardagsetning fyrir samræmt mat á stuðningsþörfum verið 1. október ár hvert.** Í núgildandi reglugerð er kveðið á um að útreikningur endanlegra framlaga skuli fara fram í nóvember ár hvert. Af því leiðir að ekki er hægt að taka til greina stuðningsmöt sem gerð eru síðar á árinu. Með breytingunni er þetta skýrt nánar og sett inn sem nýr 2. tl. 7. mgr. II. hluta 3. mgr. (2. tl. 6. mgr. 4. gr. í reglugerðardrögum)

nýr 2. tl. 7. mgr. II. hluta 3. mgr. [eldri 2. tl. fellur brott skv. tillögu að ofan] (nú 2. tl. 6. mgr. 4. gr.)	
Fyrirliggjandi ákvæði	Nýtt ákvæði
[Fellur út í tengslum við 3. tl. að ofan] Meta skal samræmt þjónustuþörf einstaklinga sem ekki höfðu náð 18 ára aldri við útreikning framlaga ársins á undan en hafa náð 18 ára aldri 1. janúar.	Við endanlegan útreikning framlaga skal miða við samræmt mat eins og það stendur 1. október ár hvert. Þrátt fyrir þetta er heimilt að líta til uppfærslu mats, berist hún Jöfnunarsjóði í tæka tíð fyrir útreikning framlaga.

5. **Viðbótarframlög felld út.** Sjóðurinn hefur árlega greitt viðbótarframlög en umgjörð þeirra og upphæð hefur á hverju ári sætt endurskoðun Ráðgjafarnefndar. Lagt er til að framlögin verði lögð niður og þeirri fjárhæð sem haldið var til hliðar vegna ráðstöfunar þeirra verði framvegis hluti almennra framlaga. Breytingin endurspeglast í 2. mgr. 2. gr.

2. mgr. 2. gr.	
Fyrirliggjandi ákvæði	Nýtt ákvæði
Til viðbótar framlögum skv. 1. mgr. er heimilt að veita sérstök viðbótarframlög til svæða ef um verulega íþyngjandi kostnað umfram tekjur er að ræða. Ráðgjafarnefnd setur sérstakar verklagsreglur um úthlutun viðbótarframlaga.	[Fellur brott]

Breytingar í samræmi við þetta endurspeglast einnig í orðalagi 1. mgr. I. hluta 3. gr. í núgildandi rg. sem verður í drögum 1. mgr. 3. gr. II Kafla.

6. **Regluákvæði varðandi framlög til einstakra verkefna, nýsköpunar eða þróunarvinnu sem nýtist þjónustusvæðum/sveitarfélögum og þjónustusvæðum til framþróunar í málaflokknum fellt brott.** Um er að ræða afar matskennd ákvæði sem erfitt er að skapa formfasta umgjörð um og hefur því lítið verið beitt. Er því lagt til að það verði fellt brott.

Þá er bætt við nýjum staflið í nýjan 1. tl. sem heimilar framlög vegna gæðaeftirlits í málaflokknum. Breytingin kemur fram í 2. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar (7. gr. reglugerðardraga) en hin síðarnefnda mgr. fjallar um verklagsreglur vegna ákvæðisins.

2. og 3. mgr. 4. gr. (nú 7. gr.)	
Fyrirliggjandi ákvæði	Nýtt ákvæði
<p>Jöfnunarsjóði er jafnframt heimilt að ráðstafa fjármagni á eftirfarandi hátt:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Til einstakra verkefna, nýsköpunar eða þróunarvinnu sem nýtist þjónustusvæðum/sveitarfélögum og þjónustusvæðum til framþróunar í málaflokknum. 2. Til greiðslu kostnaðar vegna eftirfarandi þátta: <ol style="list-style-type: none"> a. Upplýsingasöfnunar, greiningar og ráðgjafar. b. Samræmds mats á stuðningsþörf á landsvísu. c. Útfærslu jöfnunaraðgerða og fasteignamála. <p>Ráðgjafarnefnd setur nánari verklagsreglur um úthlutun slíkra framlaga og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun framlaga á grundvelli 1. tl. 2. mgr.</p>	<p>Jöfnunarsjóði er jafnframt heimilt að ráðstafa fjármagni á eftirfarandi hátt:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Til greiðslu kostnaðar vegna eftirfarandi þátta: <ol style="list-style-type: none"> a. Upplýsingasöfnunar, greiningar og ráðgjafar. b. Samræmds mats á stuðningsþörf á landsvísu. c. Útfærslu jöfnunaraðgerða og fasteignamála. d. Gæðaeftirlits einstakra sveitarfélaga eða þjónustusvæða

7. **Innviðaframlag skýrt nánar með verklagsreglum.** Með breytingunni er ákvæðið rýmkað nokkuð til að rými sé til þess að bregðast við örum breytingum á skipan þjónustusvæða. Þá er sett inn ákvæði um að Ráðgjafarnefnd setji sér verklagsreglur um framkvæmdina. Breytingin kemur fram í c. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.

c. liður 1. mgr. 3. gr.	
Fyrirliggjandi ákvæði	Nýtt ákvæði
<p>1,25% skiptist hlutfallslega miðað við fjarlægðir innan þjónustusvæða og að teknu tilliti til fjölda sveitarfélaga innan svæða.</p>	<p>1,25% skiptist eftir fjarlægðum innan þjónustusvæða og fjölda sveitarfélaga innan svæða. Ráðgjafarnefnd setur sérstakar verklagsreglur um úthlutun framlaga samkvæmt þessum lið.</p>

8. **Framlag Jöfnunarsjóðs til Sambands íslenskra sveitarfélaga aðlagað að aukinni fjármögnun málaflokksins.** Í reglugerðinni er framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga ákvarðað sem ákveðið hlutfall (0,14%) framlaga Jöfnunarsjóðs til málaflokksins. Árið 2022 nam sú fjárhæð 0,99% útsvarstofns, hækkaði í 1,21% árið 2023 og í 1,44% árið 2024. Lagt er til að fjárhæðin verði látin fylgja verðgildi sínu eins og hún var 2022 og áður. Nemur nýtt hlutfall því 0,1% framlaga í stað 0,14% áður. Breytingin endurspeglast í 1. mgr. 4. gr. rg. (7. gr. reglugerðardraga).

Aðrar og veigaminni breytingar frá fyrri reglugerð:

- Orðalagi er breytt á ýmsum stöðum til að endurspegla þróun á verklagi við útreikning framlaganna. Orðið *notendur*, er í reglugerðardrögunum notað í stað *einstaklinga* áður. Endurspeglar þetta breytta hugtakanotkun í málefnum fatlaðs fólks.
- Á nokkrum stöðum eru úreld og ónotuð ákvæði felld á brott, líkt og heimildir til sérstakra útreikninga framlaga til stórra eininga, bæði hvað varðar lágmarks SIS mat og heimildir til beitingar vísitöluútreiknings. Hið sama á við um heimildir til að taka tillit til óvenjulegra stuðningsþarfa en þróun og endurkvörðun SIS kerfisins hefur þegar leyst slík mót af hólmi.
- Áréttað er í takt við gildandi verklag að viðbótarupplýsingum sé einnig safnað frá Þjóðskrá og Ráðgjafar- og greiningastöð.
- Innbyrðis vísanir í númer málsgreina og töluliða uppfærðar m.t.t. annarra breytinga.